

Bókun bæjarstjórnar Akraness þann 25. febrúar 2025 – vegna stöðu kjaraviðræðna Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands

Bæjarstjórn Akraness harmar þá alvarlegu stöðu sem uppi er í kjaraviðræðum Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands og þær afleiðingar sem hún hefur fyrir börn, ungmenni og fjölskyldur í landinu. Ljóst er að það traust sem nauðsynlegt er að ríki á milli samningsaðila hefur orðið fyrir skaða og hvetjum við samningsaðila til að grípa nú þegar til allra þeirra aðgerða sem nauðsynlegar eru til að endurheimta það traust.

Jafnframt hvetur bæjarstjórn samningsaðila til að halda áfram vinnu og ljúka henni sem allra fyrst. Bæjarstjórn ber fullt traust til forystu Kennarasambands Íslands og samninganefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga, til að ljúka yfirstandandi kjaraviðræðum með gerð kjarasamnings sem endurspeglar mikilvægi kennarastarfsins, menntunar og skólustarfs á sanngjarnan hátt.

Akranesi, 25. febrúar 2025.

Líf Lárusdóttir, bæjarfulltrúi

Ragnar B. Sæmundsson, bæjarfulltrúi

Einar Brandsson, bæjarfulltrúi

Guðmundur Ingbór Guðjónsson, bæjarfulltrúi

Jónína M. Sigmundsdóttir, bæjarfulltrúi

Liv Aase Skarstad, bæjarfulltrúi

Sædís Alexía Sigurmundsdóttir, bæjarfulltrúi